

Mánudaginn 17. júní 1935.

Nr. 190/1934. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ingvari Guðmundssyni

(Eggert Claessen).

Sýknun af kærufyrir brot á bráðab.l. nr. 49/1934.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 31. okt. 1934: Kærður, Ingvar Guðmundsson, greiði 30 króna sekt til verðjöfnunarsjóðs verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Athafnir þær, sem kærða er gefin sök á í hinum áfrýjaða dómi, fela í sér flutning mjólkur hingað til bæjarins í sölu skyni eða afhendingar dagana 29.—30. okt. f. á. Með þessu hefir kærði að visu gert tilraun til sölu eða afhendingar mjólkur hér í bænum, en eftir ákvæðinu um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 10. sept. 1934 verður refsing ekki dæmd fyr en sala hefir farið fram, og því ekki heimilt að refsa fyrir tilraun eina saman. Verður því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu og dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Kærði hefir krafizt þess, að honum verði dæmdar bætur fyrir mjólk þá, er lögregla Reykjavíkur tók af honum, og að svo verði látið um mælt, að henni hafi verið óheimilt að taka mjólkina af honum. Á

hvoruga þessa kröfu verður lagður dómur í máli þessu, þegar af þeirri ástæðu, að þeim, er þær beinast að, hefir ekki verið gefið færi á að gæta hagsmuna sinna, að því leyti.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ingvar Guðmundsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist af rikissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 80 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ingvari Guðmundssyni, bónda, Arnarnesi í Garðahreppi, fyrir brót á bráðabirgðalögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. frá 10. september 1934.

Í 5. gr. greindra laga er svo ákveðið, að á verðjöfnunarsvæði hverju skuli aðeins eitt mjólkurbú eða ein mjólkurmiðstöð, annast alla sölu neytlumjólkur, rjóma og skyr, þar sem mjólkurbú hafa verið viðurkennd samkvæmt ákvæðum laganna. Þá er og ákveðið, að öll mjólk, sem undir greinina fellur, skuli gerilsneydd, þó með undanþágu, sem ráðherra getur veitt um mjólk til barna og sjúkra.

Í ákvæði um stundaðsákir er framleiðendum mjólkur þó leyfð sala hennar ógerilsneyddrar beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda, svo lengi sem áðurgreind sameala mjólkur er ekki komin á.

Í fyrradag var kærður, sem búsettur er utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur tekinn af lögreglunni þegar hann var á leiðinni til bæjarins með ógerilsneydda mjólk, sem

hann hefir viðurkennt að hafa ætlað að selja til neyzlu í bænum.

Í gærðag og í dag var hann aftur tekinn með ógerilsneydda mjólk, sem hann þá kvaðst ætla að útbýta ókeypis til hinna sömu viðskiptamanna og til fátækra hér í bænum.

Með gagnályktun frá áðurgreindu ákvæði um stundarsakir, sbr. 5. gr., verður að telja greindan verknað kærða óheimilan, og ber því að refsa honum samkvæmt 14. gr. laganna.

Kærðum hefir ekki áður verið refsað, svo kunnugt sé, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 króna sekt, sem renni í verðjöfnunarsjóð verðjöfnunarsvæðis þess, er Reykjavík verður í. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í tvo daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið óþarfur dráttur.

Miðvikudaginn 19. júní 1935.

Nr. 162/1934. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Frank Mortagu Norton

(Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólagi.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1934: Kærður, Frank Mortagu Norton, greiði 20100 króna sekt í Landhelgisjóð Íslands og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum H. 239 Crestflower frá Hull sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.